



## AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Samræming á sveitarfélagamörkum við Rangárþing ytra

Milli Gaukshöfða og Búðafoss

25.03.2026



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

---

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS þann \_\_\_\_\_

---

#### SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var kynnt frá: 13.03.2025 með umsagnarfresti til: 11.04.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

#### **UPPLÝSINGAR**

---

##### SKJALALYKILL

---

111500-GRG-001-V02

##### HÖFUNDUR

---

IS

##### RÝNT

---

ÁJ/AB

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	4
2.2	Deiliskipulag Hvammsvirkjunar	4
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	4
4	UMHVERFISÁHRIF	5

## 1 INNGANGUR

Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinna að samræmingu sveitarfélagamarka á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lögð var fram í skipulagsgátt, [skipulagslýsing](#) dags. 13.03.2025, vegna efnistöku en einnig vegna samræmingar sveitarfélagamarka. Hætt var við meiri efnistöku, en nú er gerð breyting á sveitarfélagamörkum beggja sveitarfélaga.

Með breytingunni eru sveitarfélagamörk samræmd frá Gaukshöfða niður undir Búðafoss. Þar sem til eru staðfest landamerki milli jarða, beggja vegna árinna, þá eru þau mörk látin ráða (landeignaskrá sótt á vef HMS 05.02.2026). Mörk Minna-Núps eru í samþykktarferli og er þeim fylgt að hluta til. Að öðru leyti ráða sveitarfélagamörk IS50v, sem mörk Skeiða- og Gnúpverjahrepps fylgja að miklu leyti. Einnig er landnotkun aðlöguð að breyttum sveitarfélagamörkum, en skilmálar breytast ekki heldur aðeins stærðir.

Gerðar eru breytingar á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga, sem unnar verða samhliða.

### 1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með skipulagsuppdrætti.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Í kafla 1.3 Mörk, er tekið fram að sveitarfélagamörk eru sýnd svipuð og þau voru í eldra aðalskipulagi. Sveitarstjórn telur þau mörk ekki í öllum tilfellum rétt og verða þau yfirfarin og eftir atvikum leiðrétt í samráði og samvinnu við aðliggjandi sveitarfélög.

### 2.2 Deiliskipulag Hvammsvirkjunar

Deiliskipulag Hvammsvirkjunar var staðfest í júní 2021. Breyting á sveitarfélagamörkum hefur áhrif á deiliskipulag virkjunarinnar og framkvæmdir sem unnar eru samhliða virkjun. Gerð verður breyting á því og sveitarfélagamörk samræmd. Eftir atvikum verða lóðamörk aðlöguð að sveitarfélagamörkum.

## 3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Sveitarfélagamörkum er breytt á skipulagsuppdrætti og er efnistöku- og efnislosunarsvæðið E26 og iðnaðarsvæðið I15 aðlagð að breyttum mörkum.

Í greinargerð er stærð svæðanna breytt:

- Efnistökusvæðið E26 minnkar úr 86,2 ha (skráð stærð er 90 ha) í 81,8 ha. Skilmálar verða áfram þeir sömu.
- Iðnaðarsvæðið I15 minnkar úr 5,1 ha í 4,9 ha. Skilmálar haldast óbreyttir.

Vert er að taka fram að sveitarfélagsmörk hafa ekki eignarréttarlegt gildi en eðlilegt er að þau taki mið af samþykktum landamerkjum.


Umrædd breyting tekur nær eingöngu á mörkum sem liggja í Þjórsá en einnig er um að ræða einstaka hólma og eyjar í ánni.

#### **4 UMHVERFISÁHRIF**


Breytingin er metin hafa óveruleg áhrif þar sem skilmálar fyrir landnotkun verða áfram þeir sömu. Jákvæð áhrif verða því þá eru sveitarfélagamörkin á hreinu og hægt að afmarka land og lóðir miðað við þau.

# Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

## Samræming á sveitarfélagamörkum við Rangárþing ytra. Milli Gaukshöfða og Búðafoss



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

- Skýringar
- |                                 |                                 |                                 |
|---------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|
| Skipulagsmörk                   | Vatnsvrnd fjarsvæði             | Reiðhjálaleiðir                 |
| Íbúðarbyggð                     | Afþreyingar- og ferðamannasvæði | Reiðleiðir                      |
| Frístundabyggð                  | Efnistöku- og efnislosunarsvæði | Rafllínur 66-220 kV             |
| Landbúnaðarsvæði                | Frístundabyggð                  | Hitaveita                       |
| Skógræktar- og landgræðslusvæði | Iðnaðarsvæði                    | Ljósleiðari                     |
| Óbyggð svæði                    | Samfélagsþjónusta               | Vatnsból                        |
| Iðnaðarsvæði                    | Verslun- og þjónusta            | Friðlýstar fornminjar           |
| Efnistöku- og efnislosunarsvæði | Stofnvegir                      | Fornminjar undir hverfisvernd   |
| Hagalón                         | Tengivegir                      | Náttúruvá                       |
| Þéttbýli                        | Aðrir vegir                     | Landbúnaðarland flokkur I og II |
| Friðlýst svæði                  | Slóðar                          | Ræktað land                     |
| Vatnsvernd grannsvæði           | Gönguleiðir                     | Hagalón stífla                  |
| Svæði sem breytingin nær til    |                                 |                                 |

Aðalskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS \_\_\_\_\_



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029  
Samræming á sveitarfélagamörkum við Rangárþing ytra. Milli Gaukshöfða og Búðafoss

Verk: 111500	Blaðstærð: A3	Unnið: IS	Rýnt: GAL
-----------------	------------------	--------------	--------------

Mælikvarði: 1:50.000	Dags: 25.03.2026	Breytt dags:
-------------------------	---------------------	--------------